

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
Fundur 12. nóv. 2009
9. fundur

Staðsetning: Sólon, 20:00 – 22:00

Mættir: Arnar Bill, Ómar, Kristján, Sigurður, Þórir og Úlfar
Boðuð forföll: Jóhann.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.

2. Fyrirlestur Pauliina Mettinen

Sagt frá æfingum og fyrirlestri Pauliinu í Fífunni og Smáranum föstudaginn 7.nóv. Frétt og æfingar eru á heimasíðu KÞÍ.

3. Norska bikarráðstefnan 2009

Farið yfir ferð ÞB og KG til Osló á bikarráðstefnu Norska þjálfarafélagsins. Nánari upplýsingar koma í skýrslu um ferðina sem sett verður á heimasíðu KÞÍ.

4. Ráðstefna AEFCA í Minsk

Farið yfir ferð SÞP og ÓJ til Minsk á ráðstefnu Evrópska þjálfarafélagsins. Nánari upplýsingar koma í skýrslu um ferðina sem sett verður á heimasíðu KÞÍ.

5. Heimsóknir á þjálfaranámskeið KSÍ

Þátttakendur á 1.stigi KSÍ fengu gefins klukkur með merki KSÍ. Umræður um hvernig best og hagkvæmast sé að kynna félaginu. Ákveðið að skoða málið betur síðar.

6. Aðalfundur KÞÍ 2009

20. nóvember í höfuðstöðvum KSÍ. SÞP sér um að opna húsið og fá lykla og aðgang(kóða). Veitingar sér ÓJ um. Ákveðið að leita til Bjarna Jó með fundarstjórn, fundarritari ÚH. ÓJ sér um reikninga, SÞP um að panta viðurkenningar, KG tekur saman skýrslu stjórnar. Kosningar, JG gefur ekki kost á sér áfram. Umræður um árgjald fyrir næsta ár.

7. Önnur mál

- a. Umræður um viðtal við þjálfara, efni til að setja á heimasíðuna og í blað KÞÍ.
- b. Hollandsskýrsla er komin til Dags á KSÍ sem setur inn myndir og dreifir.

Úlfar Hinriksson
ritari